



Menningar- og viðskiptaráðuneyti
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 9. september 2024

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um upplýsingaskyld útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu (innleiðing á sjálfbærni-reikningsskilatilskipun ESB (CSRD))

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 19. ágúst. Með frumvarpinu er áformað að innleiða tilskipun ESB 2022/2464 um sjálfbærni-reikningsskil (CSRD). Innleiðingin kallar á breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, lögum um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019 og lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021.

Tilskipunin er hluti af „Græna sáttmálanum í Evrópu (e. Green deal) þar sem markmiðið er að leiða hagkerfi Evrópu að því að verða fyrsta loftslagshlutlausu hagkerfið. Það að fyrirtæki birti sambærilegar og áreiðanlegar upplýsingar um sjálfbærni er að mati ráðuneytisins forsenda þess að ná þessum markmiðum. Tilskipuninni fylgja jafnframt nýir staðlar (European Sustainability Reporting Standards (ESRS)) sem byggja á tveimur almennum viðmiðum og 10 viðmiðum um umhverfis-, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS).

Markmið Græna sáttmálans eru göfug og hefur sjálfbærni-vegferð fyrirtækja tekið stakkaskiptum á undanförnum misserum. Sjálfbærni er og verður því hluti af góðum viðskiptaháttum atvinnulífsins. Hins vegar er það svo að innleiðing gerða frá ESB sem tengjast samkomulaginu hefur ekki einfaldað starfsumhverfi fyrirtækja.

Kostnaður við gullhúðun

Hérlandis hefur verið tilhneiging til þess að innleiða Evrópureglur með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er þó að það sé ekki séríslenskt fyrirbæri. Evrópuþjóðir hafa lengi leitast við að draga úr gullhúðun enda skapar hún yfirleitt íþyngjandi skilyrði fyrir evrópsk fyrirtæki og dregur úr samkeppnishæfni þeirra. Þá er hún gjarnan notuð til að smygla óvinsælum ákvæðum framhjá þinglegri meðferð en Evrópuráðið lítur slíkt neikvæðum augum.

Samkvæmt greiningu Viðskiptaráðs Íslands frá því í júlí 2023¹ á innleiðingu sjálfbærni-regluverks Evrópusambandsins er áætlað að það hafi kostað íslenskt atvinnulíf 9.8

¹ efaidnbmnnnibpcajpcgclcfndmkaj/https://prismic-io.s3.amazonaws.com/vidskiptarad/9d7b45c5-2dbe-4d05-9bc3-



milljarða króna frá árinu 2016 að búa við meira íþyngjandi regluverk um ófjárhagslegar upplýsingar en annars staðar í Evrópu. Ekki var fjallað sérstaklega um það við innleiðinguna að gildissvið tilskipunar um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga² væri innleidd hérlandis með víðtækara gildissviði en í Evrópu sem varð til þess að tæplega átta sinnum fleiri íslensk fyrirtæki þurfa að fylgja reglunum. CSRD tilskipunin mun leysa þær kröfur sem gerðar eru í 66. gr. d. ársreikningalaga af hólmi.

Í áformaskjalinu er vísað til þess að markaður fyrir upplýsingar um sjálfbærni fari stöðugt vaxandi og gögn orðin aðgengilegri. Þar af leiðandi ætti kostnaður við að afla slíkra upplýsinga að vera hóflegri. Þetta er ekki rökstutt frekar og draga SA fullyrðinguna í efa. Það er ljóst að fyrirhugaðar breytingar munu auka eftirspurn eftir gögnum og hafa verulegan kostnað í för með sér. Það er því brýnt að vandað verði til verka þannig að innleiðingin verði skynsamleg og að gætt verði að hagsmunum fyrirtækja sem sjái þannig hag sinn í því að ná markmiðum lagasetningarinnar.

SA hafa í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að Evrópureglur séu ekki innleiddar á Íslandi með meira íþyngjandi hætti en gert í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Jafnframt hafa samtökin bent á að ef ákveðið er að setja séríslenskar reglur við innleiðingu Evrópureglna eða ef ívilnandi undanþágur eru ekki nýttar ættu stjórnvöld að rökstyðja það sérstaklega. Þannig ætti að gæta þess að ekki verði farið umfram lágmarkskröfur Evrópureglna, gildissvið íslensku reglnanna verði ekki víðtækara en þeirra evrópsku, allar ívilnandi undanþágur verði nýttar og að **allar sambærilegar kröfur sem fyrir eru í lögum eða reglugerðum verði afnumdar**. Með þetta fyrir augum er mikilvægt að það sé regluverk sem nú gildir á málavíðinu sé yfirfarið og undanþáguheimildir nýttar þar sem það á við.

Framkvæmd og jafnlaunavottun

Líkt og að framan segir hafa SA lagt áherslu á að við innleiðingu Evrópureglna verði allar sambærilegar kröfur sem fyrir eru í lögum eða reglugerðum afnumdar. Með innleiðingu CSRD og tengdu regluverki loftslagsmála er fyrirsjáanlegt að stjórnvöld og eftirlitsaðilar muni kalla eftir sambærilegum skýrslum og nú þegar er gert skv. núgildandi regluverki. Sem dæmi um þetta má nefna:

- ETS bókhaldið og kröfur ESRS staðlanna.
- Grænt bókhald og kröfur ESRS staðlanna.
- Jafnlaunavottun.

1082b396dde5_Kostna%C3%B0ars%C3%B6m+lei%C3%B0+a%C3%B0+g%C3%B6fugu+markmi%C3%B0i+-+Greining+Vi%C3%B0skiptar%C3%A1%C3%B0s+2023.pdf

² sbr. 66. gr. d. í ársreikningalögum.



Í ESRS¹ staðlinum er t.a.m. gerð krafa um að fyrirtæki skili skýrslum um jafnlaunamál. Fyrirhuguð innleiðing launagagnsæistilskipunar ESB³ mun að sama skapi leggja kvaðir á fyrirtæki í formi skýrslugjafar um jafnlaunamál. Það er mikilvægt að endurskoða kröfur íslenskra laga varðandi jafnlaunavottun þannig að fyrirtæki þurfi ekki að skila sömu upplýsingum oft og til mismunandi opinberra aðila.

Lög um jafnlaunavottun, sem var ætlað að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði, tóku gildi 1. janúar 2018. SA voru ekki fylgjandi lögfestingu jafnlaunastaðalsins þó þau hafi komið að mótun hans. SA gerðu margvíslegar athugasemdir við lagafrumvarpið á sínum tíma og hafa varnaðarorðin raungerst. Árið 2023 kom út rannsókn á vegum Háskóla Íslands um áhrif jafnlaunavottunar á launamun kynjanna. Samkvæmt niðurstöðum hennar er ekki að sjá að innleiðing jafnlaunastaðals hafi haft bein áhrif á launamun kynjanna.⁴ Í jafnréttislögum er heimild fyrir fyrirtæki eða stofnanir þar sem starfa 25-49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli að velja um það hvort þau gangist undir jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. SA telja að rýmka þurfi stærðarmörkin og miða eigi þetta val við fyrirtæki eða stofnanir þar sem starfa allt að 150 manns að jafnaði á ársgrundvelli. Hafa ber í huga að að stór hluti fyrirtækja með 50-150 starfsmenn hafa ekki burði til þess að takast á við flókið ferli innleiðingar og vottunar en eiga auðveldara með að uppfylla skilyrði jafnlaunastaðfestingar.

Samkvæmt fyrrgreindri launagagnsæistilskipun er lögð upplýsingaskylda á fyrirtæki með 100 starfsmenn eða fleiri. Að sama skapi er mikið lagt upp úr því að ekki séu lagðar auknar byrðar á lítil og meðalstór fyrirtæki. Með innleiðingu CSRD og fyrirhugaðri lögfestingu launagagnsæistilskipunarinnar er ljóst að þær upplýsingar sem nú er kallað eftir við jafnlaunavottun fyrirtækja verða birtar opinberlega þannig að eftirlitsaðilar geta nálgast þær. Þarna er því upplagt tækifæri til að endurskoða lögfestingu staðalsins til að koma í veg fyrir tvíverknað. Umhverfisstofnun hefur með höndum loftslagsbókhald hins opinbera. Stofnunin vinnur með Excel skjöl sem fylla þarf út handvirkt. Leggja þarf áherslu á að opinberar eftirlitsstofnanir, sem þurfa að framfylgja því regluverki sem til stendur að innleiða, séu í stakk búnar að taka við því hlutverki sínu. Þetta á ekki síst við um að fyrirtækjum sé gert kleift að skila skýrslum á stafrænu formi. Þannig er hægt að tryggja betri gæði upplýsinga, meiri hraða og skilvirkni. Hið sama á við um samnýtingu gagna hjá opinberum eftirlitsaðilum. Tryggja verður að stofnanir geti samnýtt gögn til þess að koma í veg fyrir tvíverknað af hálfu fyrirtækja og tryggja hagnýtingu upplýsinga sem þegar hefur verið aflað.

Tryggja þarf samkeppni í ráðgjöf

Tryggja þarf að einni starfsstétt umfram aðra verði ekki falið að staðfesta ófjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslum fyrirtækja. Í aðfararorðum tilskipunarinnar er hvatt til þess að „independent assurance service providers“ geti starfað á markaði og veitt samkeppni á þessu

³ DIRECTIVE (EU) 2023/970 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 10 May 2023

to strengthen the application of the principle of equal pay for equal work or work of equal value between men and women through pay transparency and enforcement mechanisms


⁴ Sjá einnig: <https://www.visir.is/g/20232393487d/vottun-verdi-vaekvaed>



sviði.⁵ Að mati SA er mikilvægt að samkeppni verði tryggð þannig að fyrirtæki geti leitað til fleiri aðila á þessu sviði. Að sama skapi verða íslensk fyrirtæki að geta leitað sér ráðgjafar innan alls EES svæðisins. Aukin samkeppni mun stuðla að hagkvæmari verðlagningu þjónustunnar og þar af leiðandi draga úr óumflýjanlegum kostnaði við innleiðinguna.

Gildistaka

Innan ESB mun gildistaka CSRD fara fram í þremur fösum. Sjá hér:



Í fasa 1 eru því stór fyrirtæki, þ.e. félög með fleiri en 500 ársverk. Innan ESB eiga þau félög að birta upplýsingar skv. CSRD í ársreikningi 2025 fyrir árið 2024. Þar sem tilskipunin er ekki

⁵ Sjá nánar 2. mgr. 61. liðar aðfararorða CSRD tilskipunarinnar:

Considering the key role of statutory auditors when providing assurance of sustainability reporting and ensuring reliable sustainability information, the Commission has announced that it will act to further enhance audit quality and to create a more open and diversified audit market, which are the conditions for the successful application of this amending Directive. In addition, it is desirable to offer undertakings a broader choice of independent assurance services providers for the assurance of sustainability reporting. Member States should therefore be allowed to accredit independent assurance services providers in accordance with Regulation (EC) No 765/2008 of the European Parliament and of the Council (34) to provide an assurance opinion on sustainability reporting, which should be published together with the management report. In addition, Member States should be given the option of allowing (34) Regulation (EC) No 765/2008 of the European Parliament and of the Council of 9 July 2008 setting out the requirements for accreditation and repealing Regulation (EEC) No 339/93 (OJ L 218, 13.8.2008, p. 30).L 322/36 EN Official Journal of the European Union 16.12.2022 a statutory auditor, other than the one(s) carrying out the statutory audit of the financial statements, to express an assurance opinion on sustainability reporting. Furthermore, if they allow independent assurance services providers to carry out the assurance of sustainability reporting, Member States should also allow a statutory auditor, other than the one(s) carrying out the statutory audit of the financial statements, to express an assurance opinion on sustainability reporting.



komin inn í EES samningin dregst innleiðingin hjá EES ríkjunum og því verður ekki gerð krafa um að þessi stóru félög, skv. fasa 1, birti upplýsingar fyrir reikningsárið 2024. Hins vegar, skv. upplýsingum frá ráðuneytinu, verður innleiðingin með þeim hætti að fasar 1 og 2 verða sameinaðir þannig að fyrir reikningsárið 2025 munu stór félög og félög með 250 ársverk og fleiri þurfa að birta upplýsingar skv. CSRD.

SA leggja áherslu á að við innleiðinguna verði sömu fösum fylgt og gert verður innan ESB, þó svo að innleiðingunni seinki. Þannig fengist reynsla á verkefnið af hálfu stærri aðila áður en minni fyrirtæki þurfa að skila sínum upplýsingum. Þau fengju þannig lengri aðlögunartíma og gætu lært af reynslu þeirra stóru.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir